

Tillaga til 475. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 6. maí 2021

Tillaga bæjarstjóra um að bæjarstjórn samþykki leiðréttingu á birtri gjaldskrá vatnsveitu vegna mistaka við innfærslu álagningarstofns.

Mistök við útgáfu birtrar gjaldskrár vegna vatnsgjalds, sem birt er í Stjórnartíðinum. Birta þarf leiðréttingu á 2. gr. gjaldskrárinnar, á þann hátt að stofn til álagningar vatnsgjalds skuli vera 0,1% af fasteignamati, í stað 0,205%, en bæjarstjórn samþykkti á 467. fundi sínum þann 17. desember 2020, að stofninn skyldi vera 0,1%. Innheimt hefur verið 0,1%.

GJALDSKRÁ fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ.

Breyting á 2. gr. – stofn til álagningar skal vera 0,1%, í stað 0,205%

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,1% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða, 0,30% af fasteignamati annars húsnæðis og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.